

## *Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.*

### **F U N D A R G E R Ð**

164. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli, miðvikudaginn 25. febrúar 2014 kl. 10:00.

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Nanna Jónsdóttir, Sigfús Davíðsson, Ágúst Sigurðsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ómar Sigurðsson og Guðmundur Einarsson sem ritaði fundargerð.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

#### **1. Náttúran ehf. Kynning á endurvinnslukorti.**

Einar Bergmundur Arnbjörnsson og Guðrún Arndís Tryggvadóttir frá Náttúrunni ehf, kynntu endurvinnslukort fyrir Ísland, sem sveitarfélög landsins geta keypt sér aðgang að.

#### **2. Ársreikningur 2014.**

Ársreikningur 2014 lagður fram. Rekstrarhagnaður ársins nam kr. 2.604.403, eigið fé í árslok nam kr. 48.062.994 og veltufé frá rekstri nam kr. 9.294.012.

Ársreikningurinn samþykktur-og undirritaður af stjórn og vísað til aðalfundar.

#### **3. Undirbúningur að endurnýjun kynningarbæklings.**

Ákveðið að láta taka myndir á Strönd fyrir nýjan kynningarbækling.

#### **4. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 16.12.2014, reglubundið eftirlit að Strönd, ásamt eftirlitsskýrslu.**

Lagt fram til kynningar.

#### **5. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 22.01.2015, tilkynning um móttöku umsóknar um starfsleyfi.**

Lagt fram til kynningar.

#### **6. Önnur mál.**

Rætt um möguleika til afsetningar á sláturúrgangi og dauðum dýrum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:30